

65 sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

VI. Um eigur sjóðsins.

38. gr.

Nú samþykkja ábyrgðarmenn sparisjóðsins, með $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða á löglega boðuðum fundi, að hætta rekstri sjóðsins og leggja hann niður. Skal þá á þeim sama fundi kjósa 3 menn til að gera sjóðinn upp svo fljótt sem verða má.

Af eignum sparisjóðsins, sem eftir kunna að verða við uppgjörið, skal greiða fjárhæð þá, að upphæð kr. 9752.65, er stjórn varasjóðs Sparisjóðs Norðuramtsins afhenti Sparisjóði Akureyrar, samkvæmt fundargerð 24. janúar 1932, og sjóðbók sjóðsins 2. apríl sama ár. Tilnefni fundurinn 12 borgara í Akureyrarkaupstað til þess að stjórna sjóðeign þessari samkvæmt því er fyrir er mælt í lögum varasjóðs Sparisjóðs Norðuramtsins frá 30. marz 1919. Umsjónarmenn varasjóðs Sparisjóðs Norðuramtsins, sem þá kunna að vera á lifi, eru sjálfkjörnir.

Um aðrar eignir sparisjóðsins fer eftir því, sem fyrir er mælt í 28. gr. laga um sparisjóði frá 27. júní 1941.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. marz 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

66

1. apríl

REGLUGERÐ

um sundnám.

I. KAFLI

Sundnám skólabarna.

1. gr.

Þar, sem sundlaugar, sem starfræktar eru á skólatímanum, eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verði komið við samhliða öðru námi, skal ætla nemendum sundtíma á stundaskrá skólans.

2. gr.

Þar, sem eigi háttar svo til, sem getur í 1. gr., skal kenna sund á námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á minnst hálfsmánaðar kennslu.

Þar, sem sækja þarf sundnámskeið langt að, skal rikissjóður greiða það af ferðakostnaði, sem fer yfir ákveðna upphæð á hvert barn, og ákveður fræðslumálastjórn upphæð þessa og skal það tilkynnt skólanefndum með hæfilegum fyrir-

vara. Séu nemendur fluttir til og frá sundstað daglega, verður hlutaðeigandi skólanefnd að semja við fræðslumálastjórnina um þátttöku ríkisins í kostnaðinum.

66

1. apríl

Það er háð samþykki íþróttafulltrúa, hvert skólanemendur eru fluttir til sundnáms.

3. gr.

Þegar sundtímar eða sundnámskeið skólanna fara fram, skal ætla þeim sérstakan tíma í lauginni, og gefi sundkennarar sig þá aðeins að sundkennslu skólanemenda

Flokkar skal sundnemendur og séu að jafnaði eigi fleiri en 15 nemendur í hverjum flokki.

4. gr.

Að loknu sundnámi skulu nemendur ganga undir sundpróf, þar sem sundgeta hvers nemanda miðist við eftirfarandi sundstig:

I. stig (flotstig):

10 m bringusund.

II. stig (fullnaðarpróf barnafræðslunnar):

A. 30 m bringusund,

15 m baksund,

20 m sund í fötum,

tvenn björgunarsundgrip,

ein lífgunaraðferð,

náð í hlut frá botni í brjósthæðardjúpu vatni,

steypa sér til sunds af bakka,

B. 100 m bringusund,

40 m baksund,

25 m sund í fötunum,

20 m björgunarsund með jafningja (frjáls aðferð),

8 m kafsund,

tvenn björgunarsundgrip,

ein lífgunaraðferð,

kafa af sundi eftir hlut á 1,5 m dýpi,

steypa sér til sunds af bakka.

III. stig (áhugastig barna, framhaldsskólastig, stýrimanna- og vélstjóráskólastig):

200 m bringusund,

50 m baksund,

15 m kafsund,

50 m sund í fötunum,

25 m björgunarsund með jafningja,

troða marvaða og kafað eftir hlut á 1,5—2,5 m dýpi,

steypa sér til sunds frá 1 m hæð,

helztu björgunar- og leysitök,

ein lífgunaraðferð.

IV. stig (afrekssund):

100 m bringusund,

1000 m bringusund,

100 m baksund,

50 m skriðsund,

Hámarkstími

píltar

stúlkna

1,35 mín.

1,50 mín.

22 mín.

30 mín.

66
1. apríl

25 m björgunarsund með jafningja, báðir í fötum,
afklæðst á sundi,
sýna björgunar-, lífgunar- og leysitök.

5. gr.

Gefa skal nemendum einkunnir, sem hér segir:

- I. stig 1—4,
- II. stig A 4,50—7,
- II. stig B 7,50—10,
- III. stig 8—10.

Sundeinkunnina skal reikna með til aðaleinkunnar.

6. gr.

Sundprófin skulu fara fram undir eftirliti sundkennara og prófdómara, sem skólanefndin skipar.

7. gr.

Sundkennari og skólastjóri ákveða hvenær þreyta skuli sundpróf um eitthvert sundstiganna, og skulu nemendurnir þá ljúka þrautum stigsins innan ákveðins tíma.

8. gr.

Eigi skal nemendum heimilt að hlaupa yfir sundstig, heldur ljúka þeim í þeirri röð, sem greinir í 4. gr.

9. gr.

Heimilt er að stofna til sunds um sundmerki t. d. um IV. stig (afreksstig), en leggja skal getu og sundhæfi til grundvallar framar sundhraða. Varast skal alla keppni.

10. gr.

Hver nemandi, sem ekki hefur verið dæmdur óhæfur til sundnáms af skólalækni, skal að minnsta kosti hafa lokið II. stigi A eða B til þess að öðlast fullnaðarpróf barnafræðslunnar í sundi. Sé barnið í skólahverfi, sem hefur sundlaug, skal lágmarksstigið vera II. stig B. Þegar sérstaklega stendur á, er sundkennara heimilt að gefa undanþágu frá II. stigi B.

11. gr.

Leikfímikennarar skólanna skulu kenna sundtökin og lífgunaraðferð í leikfimitímunum.

Einnig skulu þeir, eða aðrir kennarar skólans, veita sundkennurum aðstoð við sundkennsluna og gæzlu barnanna, eftir nánari ákvörðun skólastjóra.

12. gr.

Kennarar skulu vekja athygli nemenda á nauðsyn sundsins, svo að þeir kosti kapps um að ná hærri sundstigum.

13. gr.

Að sundprófi loknu skal afhenda árituð sundskírteini í viðurvist allra barnanna og kennaranna, ef hægt er.

Hafi nemandi áður hlotið sundskírteini, en lýkur nú nýju sundstigi, skal hann afhenda skírteini sitt til undirskriftar og fær það afhent við fyrrnefnda athöfn. Fræðslumálaskrifstofan annast prentun og útsendingu sundskírteina.

14. gr.

Í fullnaðarprófsvottorði um barnafræðslu skal geta um einkunn þá, sem barnið hefur hlotið í sundi. Hafi nemandi, án þess að lögleg forföll hindri, eigi fullnægt tilskildum kröfum um fullnaðarpróf í sundi, má ekki afhenda því fullnaðarprófsvottorð hinnar almennu barnafræðslu fyrr en kröfunum er fullnægt.

66

1. apríl

15. gr.

Skólastjórar og sundkennarar skulu árlega gefa íþróttafulltrúa skýrslur um sundnám barnanna, á þar til gerð eyðublöð, sem fræðslumálaskrifstofan sendir út.

II. KAFLI

Sundnám nemenda í framhaldsskólum og sérskólum.

16. gr.

Verði því eigi við komið, að haga sundiðkunum nemenda eins og getur í 1. gr., skal veita nemendum sundiðkanir á námskeiðum eigi skemur en 15—18 stundir á vetri.

17. gr.

Í leikfimitímum skólans skal fara fram kennsla í björgunartökum og lífgunar- aðferð.

18. gr.

Nemendur þeir, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í sundiðkunum, skulu undanþegnir þáttöku í sundinu.

19. gr.

Þeir, sem taka ætla stýrimannspróf hið meira (farmannspróf og fiskimanns- próf hið meira), loftskýtamannspróf og vélstjóraþróf hið meira og eru yngri en 30 ára, skulu hafa lokið III. stigi í sundi, en aðrir þeir, sem taka ætla fiskimanns- próf hið minna, vélstjóraþróf hið minna og matsveinspróf, skulu hafa lokið II. stigi B í sundi. Nemendur sérskóla og framhaldsskóla, skulu ljúka III. stigi í sundi. Íþróttafulltrúa er þó heimilt að gefa undanþágu frá þessum skilyrðum, þannig að lægsta geta, til þess að ná réttindum, verði II. stig B, án björgunarsunds með jafn- ingja.

Nemanda skal ekki afhent brautskráningarvottorð fyrr en hann hefur fullnægt kröfunni um sundhæfi, enda hafi hann ekki fengið undanþágu frá sundnámi.

20. gr.

Íþróttafulltrúi skipar prófdómara.

21. gr.

Framfarir (sundgeta) nemenda í sundi skal miða við sundstig þau, sem getur í 4. gr. og gefa skal einkunnir eftir því, sem segir í 5. gr.

22. gr.

Sundeinkunnin skal reiknast með í aðaleinkunn við brautskráningarpróf.

23. gr.

Við uppsögn skólans eða að loknu sundnámi afhendist nemanda árituð sund- skírteini.

66

24. gr.

1. apríl Sömu ákvæði og heimildir, sem getur í 9. og 15. gr., gilda um sundnám nemenda í framhaldsskólum og sérskólum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt III. kafla íþróttalaga, nr. 25 12. febr. 1940, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Kennslumálaráðuneytið, 1. apríl 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

67

5. apríl **Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 5. apríl 1943.**
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaheimilissjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður, og er stofnaður af stúkunni Framtíðin nr. 173 á 25 ára afmælisdegi stúkunnar 11. febrúar 1943.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 króna afmælisgjöf frá þeim stofnfélögum stúkunnar, sem enn eru á lífi og eru starfandi í stúkunni, svo og frá nokkrum öðrum stúkufélögum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rekstur barnaheimila, sérstaklega og fyrst og fremst þess heimilis eða þeirra, sem rekin eru á vegum góðtemplarareglunnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, minningargjafir, áheit og aðrar gjafir, ágóði af sölu heillaóskaskeyta eða merkja, ef til kemur, svo og ágóði af sölu barnafrímerkja, ef ríkisvaldið samþykkir að slík frímerki verði gefin út og seld með gjaldviðbót, sem rynni til barnaheimilissjóðs.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að almenningi sé gert kunnugt um starf hans og tilgang, og að greiður aðgangur verði fyrir almenning til að láta sjóðinn njóta stuðnings.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins leggst í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og hálfir vextir leggjast ætíð við höfuðstólinn, en hinn helmingur vaxtanna greiðist stjórnarnefnd sjóðsins árlega á vaxtagjalddaga.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 og stúkan Framtíðin nr. 173 kjósa sinn manninn hvor. Þeir skulu kosnir í febrúarmánudagi og gildir sú kosning í 5 ár, í fyrsta sinn til 11. febrúar 1948. Þriðja manninn kys